

**Nd.**

**177. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Pegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartið hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afrjettalönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfjelag það, eða sveitarfjelög þau, sem land það liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfis mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, og skal sá jafnan sitja fyrir kaupum, sem tekur jörðina til ábúðar, ef á að byggja hana á leigu, þó svo, að hann greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sje honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

7. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 7. gr., eða jörð á ekki að byggja eða er ekki byggð á leigu, og öðlast þá sveitarfjelag það rjettinn, er jörð eða jarðargögn liggja í.

8. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfis mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

9. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—8. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð horinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

### Greinargerð.

Lög um forkaupsrjett leiguliða frá 20. okt. 1905 ná, eins og nafnið bendir á, að eins til jarða í *leiguábúð*. Hins vegar hafa ýmsir talið æskilegt, að samskonar ákvæði giltu um jarðir, er seldar eru úr *sjálfsábúð*. Meðal annars var gerð sú ályktun á þingmálafundi við Ölfusárbrú 30. f. m. að skora á þingmenn kjördæmisins að flytja á þingi frumvarp um þetta efni.

Jafnframt því, sem frumvarpið inniheldur ákvæði (6.—9. gr.) um forkaupsrjett að jörðum, sem seldar eru úr sjálfsábúð, hafa löginn um forkaupsrjett leiguliða verið tekin upp í frumvarpið (1.—5. og 6. gr.) Þótti fara betur á því heldur en að lög um svipað efni væri í tvennu lagi.

Að öðru leyti skal það tekið fram, að telja verður mikla bót fólgni í því, að sá hafi rjett til að sitja fyrir kaupum á jörð, sem seld er úr sjálfsábúð, er tekur hana til ábúðar, og sveitarfjelagið að öðrum kosti. Miðar það bæði að því að tryggja sjálfsábúð í landinu og að jarðir lendi ekki í eign utan-hjeraðsmanna.